

Menning

Leikhús · Bókmenntir · Myndlist · Tónlist · Dans

Umsjón: Silja Aðalsteinsdóttir
Netfang: silja@dv.is
Sími: 550 5807

Síðasta sýningarhelgi

LJÓSMYNDUN: Um helgina lýkur sýningu á verkum Berglindar Björnsdóttur ljósmyndara í Íslenska grafíksalnum, Hafnarhúsinu (hafnarmegin). Berglind lærði ljósmyndun í Bandaríkjunum og hefur haldið einkasýningar á Íslandi og New York. Hún nefnir sýningu sína Hringrás og fjallar þar um hringrás lífsins. Opið kl. 14–18 daglega.



Píanó, selló og klarinett

TÓNLIST: Næstu Tíbráttónleikar í Salnum, Kópavogi, verða á sunnudagskvöldið kl. 20. Þá leika Sigurður Ingvi Snorrason, klarinett, Pavel Panasiuk, selló, og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó, Trío í B-dúr op. 11 eftir Beethoven, Tema senza variazioni eftir Pjotr Sjostakovič og Trío op. 114 eftir Brahms.



Á hringekju í limbóí



MYNDLISTARGAGNRÝNI
Aðalsteinn Ingólfsson

Framvindan í myndlist hins ráðsetta listmálara Eyjólfur Einarssonar hefur verið óvenjuleg hin síðari ár. Á unga aldri, nýskriðinn úr Myndlista- og handfaskólanum, náði hann í skottið á hrárra afstraktlist þeirra Kristjáns Davíðssonar, Nínu, Steinþórs og Eiríks Smiths en fjögurra ára dvöl við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn varð til þess að þetta og stílfæra málverk hans. Þau voru eftir sem áður óhlutbundin en malarísk atburðarásin á yfirborði strigans var ekki lengur aðalatriðið heldur notaði listamaðurinn strigann sem eins konar glugga með útsýni til huglægra vídda, fágæðra en óræðra. Þar átti hann um skeið samleið með Vilhjálmi Bergssyni. Á tímabili hefði sjálfsagt mátt flokka myndir beggja undir afstraktlist með súrrealísku ívaði.

Því má með nokkrum sanni halda því fram að með nýlegum stemningarmyndum sínum af landslagi, mannfólki og aðskiljanlegum „leikmunum“, nú til sýnis á Kjarvalsstöðum, hafi Eyjólfur færst nær hinni súrrealísku upp-



HLUTLÆGUR SÚRREALISMI: Eyjólfur Einarsson: Bíðstöð I (2003)

sprettu nema hvað hann virðist nú taka sér stöðu á hlutlægar kanti súrrealismans, á vettvangi draumkennra ljósmynda, með viðkomu í nokkrum meisturum slíkrar myndlistar. Undirrot þessara umskipta í myndlist hans er framar öðru þjóðfélagsleg, raunar í þráðbeinum tengslum við það sem gerst hefur uppi á hálendi Austurlands á síðustu árum og misserum. Og stórundarlegt að í aðfararorðum að sýningunni skuli starfsbróðir minn, Halldór Björn Runólfsson, ekki víkja einu orði að þessu hjartans máli Eyjólfur.

Krosstré og önnur tré

Pegar upp er staðið á það sem gerist í málverkum Eyjólfur í rauninni fátt skylt við harðsoðinn ljósmyndasúrrealisma sem miðaði að því að birta nákvæmlega útlitaðar hugsýnir úr undirvitund listamannsins. Hins vegar notar listamaðurinn ýmis ták og uppstillingar úr súrrealisma sem eins konar leiðarhnoða um myndheim utan eigin vitundar, heim sem er samsafn tilbrigða um íslenskt örfælandslag. Við þessi ták og uppstillingar – við könnumst við skrárgötin frá Dali, kyrrestæðar mannverur úr verkum Delvaux eða Magrittes – eykur Eyjólfur áður nefndum „leikmunum“ sem hafa gefist honum vel í tímans rás, hringekjunum, krosstréjum brúðuleikstjórnanda og glerhvelvingum. Það sem er sérstaklega heillandi við þessa leikmuni listamannsins er hve kænlega honum tekst að sneiða hjá augljósri, jafnvel margtuggðri, merkingu þeirra og gera þá virka í nýju samhengi.

Til dæmis er deginum ljósara hvað Eyjólfur er að fara í myndum á borð við „Bíðstöð I & II“ (2003) en samt er tónninn í þeim nýr og áleitinn. Í þessum myndum standa Íslend-

ingar á ýmsum aldri á þeim „hringekjum lífsins“ sem sýningin heitir eftir og stara tómlátir út í slétta og gróðurlausa auðn.

Litróf hans er dimmúðug umgjörð harmrænna atburða og öll hlutverkaskipan og sviðsetning í myndum hans árétta vanmátt mannsins andspænis „valdinu“, þeim sem véla um líffskilyrði hans í bráð og lengd.

Sjálfar hringekjurnar eru prýddar myndum af íslensku sumarlandslagi eins og það kom frumherjunum fyrir sjónir og myndum af fulltrúum aldamótakynslóðarinnar 1900 sem börðust fyrir viðurkenningu á sérstöðu og sjálfstæði landsins.

Harmrænir atburðir

Á umbúðalausum og allt að því barnslega einlægum hátt spyr Eyjólfur áhorfanda sinn hvort við höfum gengið – eða snúist – til góðs, hvort atlagan gegn landinu hafi ekki unnið óbætanlegt tjón á þjóðarvitundinni. Um leið fer ekki á milli mála að sjálfum þykir honum leikurinn tapaður. Litróf hans er dimmúðug umgjörð harmrænna atburða og öll hlutverkaskipan og sviðsetning í myndum hans árétta vanmátt mannsins andspænis „vald-

inu“, þeim sem véla um líffskilyrði hans í bráð og lengd.

Hringekjan er auðvitað ekki einhlítt ták, öðrum þræði er hún hlutlaus hlutgerving lífsferilsins, en hún er líka ták hins sjálfhverfa, innihaldslausa lífs þeirra sem fastir eru í viðjum vanans og taka ekki afstöðu til þess sem er að gerast í kringum þá. Þeirra endastöð er hvorki himnaríki né helvíti heldur enn ein hringekjan, að þessu sinni í limbóí, þar sem þeir munu snúast í drungalegri diskóbirtu til eilífðarnóns, sennilega við sbyljutónlist eftir BeeGees, sjá málverkið „Endastöð“ (2003).

Sömualeiðis eru myndir Eyjólfur uppfullar af vísunum til manna sem leiksoppa, þeir eru sýndir sem brúður í höndum „æðra“ valds, og athyglisvert hvernig hann setur samasemmerki milli róðukrossins og krosstrjáa brúðustjórnandans.

Framtíðarsýn listamannsins er svipuðu marki brennd. Náttúran hefur breyst í auðn þar sem manninum er ólíft nema í sérhönnuðum og sjálfbærum glerhvelvingum með ámaluðum stjörnum; stjörnuhiminn sést ekki lengur fyrir mengun frá verksmiðjum. Í þessum hvelvingum standa einmana listamenn við trönur sínar og freista þess að fá botn í það sem gert hefur verið við landið í kringum þá í nafni framþróunar.

Sýningin Hringekjur lífsins stendur til 12. október. Kjarvalsstaðir eru opin daglega kl. 10–17. Sunnudaginn 28. sept. kl. 15 verður listamannsspjall þar sem Eyjólfur Einarsson skoðar sýningu sína ásamt gestum.

Gáskafullur virðuleiki

Leirlistamaðurinn Kogga kynnt á sjónþingi í Gerðubergi

Listamannapíngin í Gerðubergi hafa notið virðingar og vinsælda frá því til þeirra var stofnað árið 1996. Valið lið myndlistarmanna hefur settið fyrir svörum á sjónþingum og rithöfundar á ritþingum, og eitt tónskáld hefur verið kynnt á þennan frjóa hátt á tónþingi.

Á laugardaginn kl. 13.30 hefst sjónþing haustsins í Gerðubergi. Þá ræðir leirlistamaðurinn Kogga opinskið um leirlistina, hönnun, fortíð, framtíð og allt þar á milli. Kogga lærði í Myndlista- og handfaskóla Íslands og í Danmarks Designskole í Kaupmannahöfn og lauk þar námi árið 1975. Hún hefur einnig sótt keramikráðstefnur og námskeið um allan heim og hlotið margar viðurkenningar fyrir verk sín. Til dæmis fékk hún Menningarverðlaun DV 1993 og hönnunarverðlaun fyrir umbúðir utan um verk sín.

Fjölbreyttur ferill

Kolbrún Björgólfssdóttir – Kogga – er í hópi virtustu leirlistamanna á Íslandi. Hún á að baki fjölbreyttan feril í grein sinni og notar allar helstu aðferðir sem nú tíðkast í steinleir- og postulínsvinnslu. Formgerð hennar helst í hendur við háþróað skynbragð hennar á hlutverk skreytingar. Verk hennar, bæði ílát og skulptúrur, virðast í senn efnismikil og laflétt, virðuleg og gáskafull, eins og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur kemst að orði. Aðalsteinn stýrir sjónþinginu en spyrklar eru Edda Jónsdóttir, forstöðumaður Galleris I8, og Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður.

Að sjónþinginu loknu verður opnuð yfirlitssýning í Gerðubergi á verkum Koggu frá 30 ára ferli. Á sýningunni verða einnig ljósmyndir af verkum Koggu og af henni sjálfri frá ýmsum skeiðum lífs hennar.

Kogga hefur haldið ótal einkasýningar, sem og tekið þátt í fjölda samsýninga. Hennar fyrsta einkasýning var á Kjarvalsstöðum



FRÆDIMENN ÁSAMT VIÐFANGSEFNI: Tinna Gunnarsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Edda Jónsdóttir – og Kogga. DV-mynd ÞÓK

1976 en nú síðast í ár tók hún þátt í samsýningunni Trío 3 í norska húsinu í Stykkishólmi. Kogga opnaði árið 1985 Kogga keramik-

stúdíó-gallerí við Vesturgötu sem flestir Íslendingar kannast við.